

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 9. september 2021: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um úttekt á fátækt í Reykjavík

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráð í samvinnu við velferðarráð, skóla og frístundaráð framkvæmi úttekt á fátækt í Reykjavík. Vegna efnahagslegra áhrifa COVID má leiða líkur að því að fátækt hafi aukist meðal borgarbúa. Í ljósi þess þarf að kortleggja fjölda fólks sem lifir undir fátæktarmörkum og greina þarf þessa hóps og hvort sú þjónusta sem borgin veitir sé að mæta þörfum þessa hóps og hvort þörf er á úrbótum.

Greinargerð:

Við vitum það vel hversu alvarlegar afleiðingar efnahagshrunið 2008 hafði. Afleiðingarnar elta fjölskyldur kynslóða á milli meira en áratug síðar. Við höfum lært af þeirri reynslu og helsta lexían er sú að byrja að sporna gegn áhrifum fátæktar strax. Því er mikilvægt að gera sem fyrst úttekt á því hvort fátækt hafi aukist Reykjavík vegna efnahagslegra áhrifa COVID-19 og kanna jafnframt hvaða leiðir séu færar til að vinna gegn áhrifum fátæktar og styðja við borgarbúa sem lifa undir fátæktarmörkum. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 skipaði Reykjavík starfshóp um fátækt. Í kjölfar vinnu sinnar skilaði starfshópurinn skýrslu um stöðu fátæktar í borginni og kortlagði úrræði og gaf tillögur um úrbætur. Þörf er á samskonar úttekt núna.